



Íslenski geitastofninn – verðmæt auðlind

Geitastofninn

Íslenski geitastofninn hefur fylgt landsmönnum allt frá landnámi og bendir það til þess að geitur hafi gegnt hlutverki í búskapnum og því haldist við. Stofninn er lítill og telst vera í útrýmingarhættu, hann hefur verið erfðafræðilega einangraður frá landnámi og er því mikilvæg erfðaauðlind og ómetanleg verðmæti. Íslendingar bera ábyrgð á að varðveita stofninn. Besta leiðin til þess er að nýta stofninn og finna sem flesta notkunarmöguleika fyrir geiturnar og afurðir þeirra.

Möguleikarnir

Mikilvægt er að fjölga geitum í landinu til að bjarga stofninum. Tækifærin eru líka mörg. Hægt er að skapa aukna vinnu í sveitum með aukinni geitfjárrækt og tengja hana við ferðaþjónustu. Geiturnar vekja alltaf athygli og afurðirnar geta verið fjölmargar.

Mikilvægi geitfjárafurða felst í aukinni fjölbreytni á íslenskum neysluvörumarkaði. Afurðirnar mæta þörf fyrir svæðisbundnar vörur með lágt sótspor. Ferðaþjónustan þarf á þessum vörum að halda. Geitur eru að öllu jöfnu heima við sveitabæi og vekja alltaf athygli vegna þess hve mannelskar þær eru og sérstakar. Það er því hægt að bjóða ferðamönnum upp á fjölbreytta upplifun, bæði geitina sjálfa og afurðir hennar.



Jóhanna B Þorvaldsdóttir á Háafelli kynnir ferðamönnum vörur sínar.

Afurðirnar

Geitfjárræktin býður upp á vinnslu á fjölmörgum afurðum. Úr mjólkinni er hægt að framleiða fjölbreytt úrval gæðaosta og einnig vörur eins og skyr, ís, súrmjólk, jógúrt, ab-mjólk og smjör. Geitakjöt hefur sérstöðu vegna þess hve fitusnautt það er. Það er gott hráefni í pylsur, kæfur, paté, grafnar vörur og þurrkaðar vörur. Innmaturinn býður upp á ýmsa möguleika.

Stökur (gærur hjá sauðfé) bjóða upp á margvíslegt handverk og vörur eins og leðurvörur. Ull geita skiptist í fiðu og strý og er hún mjög sérstök og gjörólik ull sauðfjár. Geitafiðan er kasmírull og gerir margs konar nýtingu mögulega. Strý (tog hjá sauðfé) geita, sem er grófa hárið hefur verið notað við fluguhnýtingar. Hornin má nýta í margs konar handverk.

Upplýsingarnar eru byggðar á verkefninu Aukið virði og sérstaða geitfjárafurða. Verkefnið var styrkt af Framleiðnisjóði landbúnaðarins og því var stýrt af Matis. Sjá nánar: <http://www.matis.is/utgafa-og-midlun/utgefingefni/einblodungar-og-baeklingar/>

Á vefsíðu Geitfjárræktarfélagins (www.geit.is) er að finna fróðleik um íslensku geitina og upplýsingar eru veittar um geitaafurðir sem eru til sölu. Félagið veitir leyfi til notkunar á sérstöku merki fyrir geitaafurðir.

